

Svar við fyrirspurn fjárlaganefndar um fjarskiptasjóð og Ísland ljóstengt vegna undirbúnings fjárlaga 2022.

Undirbúningsvinna fyrir landsátakið Ísland ljóstengt hófst 2014 en fyrsta úthlutun styrkja átti sér stað vorið 2016. Síðasta árlega styrkveiting fjarskiptasjóðs fór fram vorið 2021 og hafði þá sjóðurinn styrkt 55 sveitarfélög með 121 samningi um tæplega 3 ma.kr. Auk þess lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fjölda minni og dreifbýlla sveitarfélaga til um 400 m.kr. sem sérstakt byggðaframlag. Umsaminn fjöldi styrkhæfra staða, aðallega lögheimili og vinnustaðir, er um 6.200 auk þúsunda annarra bygginga sem hafa fengið eða eiga kost á ljósleiðaratengingu á grundvelli verkefnisins. Áætlaður heildarstofnkostnaður stefnir í að verða 7-8 ma.kr. Framlag ríkisins til verkefnisins er umtalsvert lægra en þekkist í sambærilegum verkefnum í öðrum löndum.

Af þessum sveitarfélögum hafa fimmtíu þegar lokið eða eru langt komin með uppbyggingu ljósleiðarakerfa í sínu dreifbýli. Önnur styrkt sveitarfélög eiga lengra í land sem skýrist að mestu af umfangi þeirra verkefna eða þau tóku ekki þátt fyrr en í lokaúthlutun sjóðsins. Útlit er fyrir að framkvæmdum allra styrktra sveitarfélaga ljúki fyrir árslok 2022. Líklega mun Árneshreppur þó þurfa lengri tíma þar sem þeirra verkefni á að vinnast samhliða jarðstrengjavæðingu og þrífösun rafmagns, en sjóðurinn og sveitarfélög hafa kappkostað við að samnýta jarðvinnu vegna rafmagns og ljósleiðara eins og völ er á, þó það sé ekki alltaf hagkvæmasti eða fljótlegasti kostur gagnvart ljósleiðaraþættinum. Nokkur framtaksöm sveitarfélög höfðu þegar lokið ljósleiðarvæðingu í sínu dreifbýli á eigin kostnað áður en Ísland ljóstengt hófst. Það góða fordæmi jók verulega kjark þeirra sveitarfélaga sem komu í kjölfarið.

Verklag stjórnar fjarskiptasjóðs og ráðuneytisins hefur m.a. tekið mið af því að rádstafa nánast öllum fjárveitingum sjóðsins árið 2021 til uppbyggingar fjarskiptainviða utan markaðssvæða. Órádstafaðar fjárheimildir sjóðsins um áramótin 2021-2022 verða innan við 30 m.kr. Þeir fjármunir verða notaðir árið 2022 til þess mæta óvissu með uppgjör styrktarsamninga, til reksturs sjóðsins og til greiningarvinnu til undirbúnings frekari aðkomu ríkisins að uppbyggingu fjarskiptainviða um land allt á grundvelli markaðsbrests.

Í fyrirbyggjandi grænbók í fjarskiptum er m.a. að finna drög að lykilviðfangsefnum og áskorunum á svið fjarskipta í fjárfjárveitingu í framtíð. Töluverðar líkur eru á því að þörf verði fyrir fjárframlög frá ríkinu til þess að ná fram þeim metnaðarfullu markmiðum sem þar birtast, í samspili við markaðsaðila. Fyrir liggur að um 13.000 heimili og vinnustaðir í um 50 byggðakjörnum eiga ekki kost á ljósleiðaratengingu og farnetssamband næst ekki á umtalsverðum hluta vegakerfisins. Þá er stofnnet ljósleiðara, sem er sambærilegt flutningskerfi raforku, takmarkandi fyrir uppbyggingu, rekstur og öryggi ljósleiðara- og farnetsskerfa um land allt.

Sjá ef vill grænbók um fjarskipti: <https://www.stjomarradid.is/library/02-Rit--skvrslur-og-skrar/Graenbok-fjarskipti-juli2021.pdf>

Sjá ef vill upplýsingar um stöðu allra aðgerða í fjarskiptaáætlun í árangursgátt ráðuneytisins <https://www.vegvisir.is/adgerdayfirlit>

Lög um fjarskiptasjóð gera ráð fyrir starfsemi hans verði til ársloka 2022. Frumvarp til breytinga á lögum um sjóðinn er á þingmálaskrá haustið 2022. Engar fjárveitingar eru til sjóðsins árið 2022 í ljósi þess að sjóðurinn hefur lokið verkefnum sínum innan fjárheimilda og ný fjarskiptaáætlun hefur ekki verið samþykkt af Alþingi. Framtíð sjóðsins er í höndum nýs ráðherra vísinda- iðnaðar og nýsköpunar og Alþingis.